

# ÍSLENSKA

*– í senn forn og ný –*





## Íslenskt málsamfélag

Um 300.000 manns kunna íslensku og flestir þeirra búa á Íslandi. Íslenska er eina opinbera tungumálið í lýðveldinu Íslandi. Samband íbúanna og þjóðtungunnar er nánast eins einfalt og hægt er að hugsa sér því að langflestir íbúarnir (um 97%) eiga íslensku að móðurmáli. Ísland er einnig nánast mállýskulaust land en það er mjög fágætt ef ekki einsdæmi í heiminum að svo stórt og strjálbýlt land skiptist ekki á áberandi hátt í mállýskusvæði. Íslenska hefur verið töluð á Íslandi frá því að landið byggðist á seinni hluta 9. aldar og hefur síðan breyst tiltölulega mjög lítið.

## Notkun málsins

Íslenska er notuð í öllu daglegu lífi á Íslandi: í stjórnkerfi, skólum, fyrirtækjum, íþróttum, fjölmiðlum o.s.frv. Töluverður munur getur verið á talmáli og ritmáli í tungumálum en

slíkur munur er tiltölulega lítill í íslensku. Ávörp eru fremur óformleg í daglegum samskiptum, þéranir tíðkast ekki (lengur) og notuð eru skírnarnöfn viðmælenda í samtölum.

## Skuldleiki við önnur tungumál

Íslenska er eitt þeirra mála sem tilheyra norðurgrein germanskra mála innan indó-evrópsku málaættarinnar. Íslenska er skyldust færeysku og ýmsum vesturnorskum mállýskum, fjarskyldari eru danska og sænska. Önnur germönsk mál, skyld íslensku, eru m.a. enska, hollenska og þýska.

## Íslenska stafrófið

**Aa Áá Bb Dd Ðð Ee Éé Ff Gg Hh Ii Íí Jj Kk Ll Mm Nn Oo  
Óó Pp Rr Ss Tt Uu Úú Vv Xx Yy Ýý Þþ Ææ Öö**

Broddar yfir sérhljóðum merkja hvorki áherslu né lengd heldur tákna þeir annað hljóðgildi en í samsvarandi bókstaf án brodds. A er t.d. borið fram [a] en Á er hins vegar tvíhljóð: [au]. Óvenjulegustu stafir íslenska stafrófsins eru Þ og Ð.

*Þ hefur verið notað óslitið í íslensku frá upphafi. Íslendingar tóku stafinn upp í bókskrift að enskri fyrirmynd en stafurinn þekktist einnig í rúnastafrófinu sem norrænir menn notuðu áður en þeir tóku upp latneska stafrófið. Stafurinn Ð á einnig ratur að rekja til enskrar skriftar. Hann var a.m.k. bæði notaður í fornensku og forsaxnesku og þekktist í íslenskum ritum frá 13. öld.*

## Íslenskt málkerfi

Íslenska hefur marga flokka fallorða og sagnorða. Nafnorð, lýsingarorð, fornöfn og töluorðin 1-4 beygjast í fjórum föllum. Nafnorð eru til í þremur kynjum. Lýsingarorð, flest fornöfn og töluorðin 1-4 beygjast einnig í þremur kynjum. Sagnir beygjast í tíð, persónu, tölu, hætti og mynd.

*Óskar er svangur og dapur*

[ouskar ɛ:r svaŋkør ɔ:γ ta:pør]

*Helga er svöng og döpur*

[hɛlka ɛ:r svœyŋk ɔ:γ tœ:pør]

*Barnið er svangt og dapurt*

[partneð ɛ:r svaun̥t ɔ:γ ta:pørt]

*Ég ber* [je:γ pe:r]

*Þú berð* [θu: pe:rð]

*Við berum* [ve:ð pe:røm]

Grundvallarorðaröð í íslensku er frumlag - sögn - andlag en vegna þess hve beyging orðanna er margvísleg getur orðaröðin verið býsna frjáls.

*Þessar setningar hafa sömu grunnmerkingu í íslensku:*

*Bróðir minn keypti bókina.*

*Bókina keypti bróðir minn.*

## Íslenskur nafnasiður

Á Íslandi tíðkast enn að kenna sig við föður eða móður og nota skírnarnafn en ekki eftirnafn í samskiptum. Eftirnafnið er



myndað úr skírarnafni föður (algengast) eða móður (mun sjaldgæfara). Nafn foreldris er haft í eignarfalli og við bætist annaðhvort -son eða -dóttir. Oft koma sömu skírarnöfn fyrir aftur og aftur í sömu fjölskyldu.

*Óskar Eiríksson á föður sem heitir Eiríkur Haraldsson. Eftirnafn Óskars (þ.e. Eiríksson) merkir ekkert annað en að skírarnafn föður hans sé Eiríkur. Kona Óskars heitir Helga Bjarnadóttir enda heitir faðir hennar Bjarni Ólafsson. Þótt Helga giftist Óskari breytist nafn hennar ekki.*

**Eiríkur** Haraldsson & Sigríður Þráinsdóttir

Óskar **Eiríksson**

**Bjarni** Ólafsson & Gyða Björnsdóttir

Helga **Bjarnadóttir**

*Hjónin Óskar og Helga eiga fjögur börn sem heita Sigríður, Gyða Björk, Daði og Bjarni. Þrjú þeirra kusu að kenna sig við föður sinn, Óskar, en eitt við móður sína, Helgu. Á dyra-símanum heima hjá Helgu og Óskari eru allir heimilismenn taldir upp:*

**Helga Bjarnadóttir**  
**Óskar Eiríksson**  
**Sigríður Óskarsdóttir**  
**Gyða Björk Óskarsdóttir**  
**Daði Óskarsson**  
**Bjarni Helguson**



*Enda þótt þetta sé sex manna fjölskylda notar fólkíð fimm mismunandi eftirnöfn.*

Flestir Íslendingar heita nöfnum sem eru myndað með þessum hætti en ættarnöfn tíðkast þó einnig nokkuð.

Íslendingar nota aldrei eftirnöfnin ein. Ekki kæmi til greina að segja aðeins „Eiríksson“ eða „Bjarnadóttir“. Annaðhvort verður að nota fullt nafn (Óskar Eiríksson, Helga Bjarnadóttir o.s.frv.) eða láta skírnarnafnið nægja. Íslendingar leggja því miklu minni áherslu á eftirnöfn en venjan er í öðrum löndum. Í íslensku símaskránni er fólk í t.d. ekki raðað eftir eftirnöfnum heldur skírnarnöfnum:



*Guðjón Baldursson*

*Guðjón Þór Baldursson*

*Guðjón Baldvinsson*

*Guðjón Benediktsson*

*Guðjón Bragi Benediktsson*

## **Íslensk málstefna**

Íslensk málstefna hefur að geyma tvo meginþætti: annars vegar áframhaldandi varðveislu málsins (málkerfisins og grunnorðaforðans) og hins vegar þróun málsins, ekki síst að stuðla að því að orðaforðinn sé ávallt nægur til að mæta nýjum aðstæðum og að íslenska verði notuð á sem flestum sviðum.

Íslendingar hafa einsett sér að geta talað og ritað um öll sín viðfangsefni á móðurmáli sínu enda krefst staða íslensku sem þjóðtungu þess að unnt sé að nota hana á öllum sviðum. Stöðugt eru mynduð ný orð til að halda í við þróunina í tækni og vísindum.

Íslensk stjórnvöld hafa nú hrundið af stað átaki í tungutækni í því skyni að þróaður verði hugbúnaður og tæki sem gera kleift að nota íslensku í tölvubúnaði og tölvustýrðum tækjum.

Á Íslandi ríkir almenn sátt um málstefnuna og grundvöllur







Íslenskrar málræktar er einmitt áhugi almennings. Margir hafa gaman af að spreyta sig á myndun nýrra íslenskra orða. Þessi starfsemi er síður en svo stofnanatengd eða bundin opinberum ákvörðunum. Íslensk málnefnd sinnir t.d. fyrst og fremst

ráðgjöf og upplýsingamiðlun um málnotkun og nýyrði en það er alls ekki tíðkað á Íslandi að hið opinbera láti framleiða orð sem almenningi sé síðan skylt að nota!

## Íðorðastarf

Félög og einstaklingar innan fjölmargra mismunandi sérsviða sinna íslenskum orðaforða á viðkomandi sviði og gefin eru út fjölbreytt íslensk íðorðasöfn. Hér má nefna tölvur, verkfræði, bíla, læknisfræði, endurskoðun og sálfræði. Íslenska hefur reyndar verið vísindamál frá elstu tíð því að margir íslenskir vísindamenn á miðöldum skrifuðu um fræði sín á móðurmálinu en ekki einungis á latínu.

## Orðaforðinn

Mörg ný orð hafa bæst við íslenska orðaforðann frá upphafi eins og eðlilegt er á svo löngum tíma þar sem þjóðlíf hefur gerbreyst. Sum gömlu orðanna hafa líka fengið nýja merkingu til viðbótar við hina eldri. En flest algeng orð í málinu líta eins út nú og fyrir 1100 árum, þ.e. orð eins og t.d. höfuð, auga, himinn, haf, þú, kýr, gras, móðir, faðir, ganga o.s.frv.





Geysilegur fjöldi nýyrða hefur síðan auðgað íslenskt mál, einkum á 19. og 20. öld, til að mæta þörfum samtímans. Flest nýju orðin eru mynduð úr eldri orðum og orðhlutum. Með því að sækja líkingu í umhverfisvernd má tala um endurvinnslu orðaforðans!

## Nýyrði og gagnsæi þeirra

Nýyrði eru oftast mynduð með því að tengja eldri orð eða orðhluta saman á nýjan hátt.

*Af orðunum **veður** og **fræði** var myndað nýyrðið **veðurfræði**.*

*Af orðunum **bíll** og **skúr** var myndað nýyrðið **bílskúr**.*

*Af forskeytinu **al-** og orðinu **næmi** var myndað nýyrðið **al-næmi**.*

*Af orðinu **tölur** (ft.) og **-va**, sem er niðurlag orðsins **völva**, var myndað nýyrðið **tölva** enda voru fyrstu tölvurnar einkum til þess að reikna og þær virtust hafa til þess yfirnáttúrulega hæfni miðað við mennina!*

*Af lýsingarhetti þátíðar af sögninni **þjóta** var myndað nýyrðið **þota**.*

Mörg orðanna, sem mynduð eru með þessum hætti, eru merkingarlega nokkuð gagnsæ. Orð á borð við veðurfræði, bílskúr o.fl. skýra sig sjálf. Enn fremur má með þessari aðferð sneiða hjá vandanum sem fylgir því að finna út hvernig eigi að fella erlend orð á borð við meteorology eða garage að íslensku málkerfi og rithætti. Það liggur oft síður en svo ljóst fyrir hvernig eigi að rita, bera fram og beygja framandi orð af því tagi í mismunandi tungumálum.

## Tökuorð

Íslenska hefur eigi að síður að geyma nokkuð af tökuorðum sem hafa lagað sig að íslenskum framburði, rithætti og beygingum.

*Orðið **bíll** kemur úr dönsku, **bil**. Önnur tökuorð eru t.d. **banani**, **kaffi**, **tóbak** o.fl.  
„Hún fór á **bilnum** út í **búð** og keypti mikið af **tóbaki**, **kaffi** og **banönum**.“*

## Íslenska og önnur mál

Mikil áhersla hefur lengi verið á það í íslensku skólakerfi að kenna erlend tungumál. Auk íslenskunnar læra allir ensku og dönsku í grunnskóla og margir bæta við frönsku, þýsku eða spænsku í framhaldsskóla.

Mörg málsamfélög í Evrópu og raunar um allan heim



standa frammi fyrir því að notkun ensku hefur aukist á ýmsum sviðum. Þessa gætir einnig á Íslandi. Sífelld nýsköpun í íslenska orðaforðanum og margvísleg menningarstarfsemi á íslensku stuðlar hins vegar að því að Íslendingar geti hér eftir sem hingað til notað íslensku við allar aðstæður.

## **Saga Íslands**

Ísland var numið (einkum af Norðmönnum) á s.h.l. 9. aldar og landið varð þjóðveldi við stofnun Alþingis 930. Eftir erjur innanlands gengu Íslendingar Noregskonungi á hönd á 13. öld og síðar féll landið með Noregi undir dönsku krúnuna. Það var ekki fyrr en 1918 sem Íslendingar fengu fullveldi á ný og lýðveldið Ísland var stofnað 1944. Þrátt fyrir

erlend yfirráð öldum saman varð málfar alls þorra þjóðarinnar aldrei fyrir miklum erlendum áhrifum.

## Íslenska er í senn gamalt og nýtt mál

Íslenska er í höfuðdráttum það mál sem norrænir menn töluðu á miðöldum um mestöll Norðurlönd og auk þess m.a. á afmörkuðum svæðum á Englandi, Írlandi, Skotlandi (ásamt Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum), sums staðar í Frakklandi og Rússlandi og allt suður til Miklagarðs – og íslenska var mál Leifs Eiríkssonar sem fór til Ameríku um árið 1000.

### **Tvö íslensk textadæmi - sama tungumálið!**

*Gunnar reið til búðar Rangæinga og var þar með frændum sínum. Margur maður fór að finna Gunnar og spyrja hann tíðinda. Hann var við alla menn léttur og kátur og sagði öllum slíkt er vildu. (Njáls saga, 13. öld.)*

*Brotist var inn í heimabús í Jakaseli í fyrradag. Lögreglan segir að þjófarnir hafi haft á brott með sér skartgrip, myndbandstæki, fartölvu, farsíma, debetkort og fleira. Málið er í rannsókn. (Frétt í dagblaði, 2001.)*

Íslendingar nú á dögum eiga ekki í vandræðum með að lesa og skilja gamla texta á íslensku. Það er ákaflega óvenjulegt að mál haldist svo lítt breytt í svo langan tíma. Raunar breyttist framburður, einkum sérhljóða, talsvert (á 12.-16.



*Flateyjarbók*

öld) en það hafði lítil áhrif á ritmálið. Setningagerð og beygingakerfi hefur tiltölulega mjög lítið breyst.

Fjölmörg orðtök, föst orðasambönd og tilsvör úr fornum bókmenntum lifa enn góðu lífi í íslensku hversdagsmáli.

*Orðtakið koma einhverjum í opna skjöldu („koma einhverjum að óvörum“) er dregið af hernaði og þýðir í beinni merkingu „koma aftan að einhverjum eða á hlið við einhvern“, þ.e. þar sem skjöldurinn hlífir ekki, enda merkir **opinn skjöldur** „bakhlíð á hvelfdum skildi“.*

## **Gamalgróið ritmál**

Elstu textar, sem eru varðveittir á íslensku, voru skrifaðir um 1100. Margir þeirra byggjast reyndar á efni á borð við kveðskap og lög sem varðveist hafði kynslóðum saman munnlega áður en textarnir voru ritaðir. Frægastar af því efni, sem



*Guðbrandsbiblía 1584*

ritað var á Íslandi frá 12. öld og áfram, eru eflaust Íslendingasögurnar, sagnfræðirit Snorra Sturlusonar og eddukvæði. Kristilegir textar hafa verið til á íslensku a.m.k. frá því á 12. öld. Viðamikilið lagasafn er til frá 13. öld.

Hlutar Biblíunnar og alþjóðlegra fræðirita eru meðal elstu texta á íslensku og Biblían í heild var prentuð á íslensku 1584. Kviður Hómers voru þýddar á 19. öld og öll helstu verk Shakespeares eru til í íslenskum þýðingum. Öflug samskipti við menningarheiminn utan Íslands hafa frá upphafi frjóvgað ritun íslenskra bókmennta og fræðirita.



## Íslenskt mál og bókmenntir

Samhengi í íslensku máli og bókmenntum kemur fram í því að íslenskir rithöfundar á 20. öld, svo sem nóbelskáldið Halldór Laxness, rituðu á sama tungumáli og t.a.m. Snorri Sturluson, einn fremsti rithöfundur á Norðurlöndum á 13. öld.

Verk skálda og rithöfunda hafa ávallt notið hylli meðal almennings á Íslandi. Enn eru bækur vinsælustu jólagjafirnar, ekki síst ævisögur og endurminningar.

## Áhugi á íslenskunámi

Fjölmargir útlendingar leggja stund á íslenskunám. Margir gera það af áhuga á landi og þjóð, vegna viðskiptatengsla eða af öðrum hagnýtum ástæðum, t.d. þeir sem hyggjast setjast að á Íslandi. Aðrir læra íslensku fremur af fræðilegum áhuga á íslensku máli og íslenskum bókmenntum, svo sem til að geta lesið Íslendingasögur og fleiri íslensk miðaldarit á frummálinu.





Menntamálaráðuneytið : smárit 13

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið

Sölvhólsögötu 4, 150 Reykjavík

Sími: 560 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)

Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Hönnun, umbrot og prentun: ODDI hf.

Textavinnsla: Íslensk málstöð

Ljósmyndun: Kristján Maack (bls. 2, 11 og 15), Guðmundur Ingólfsson (bls. 5), Jóhanna Ólafsdóttir (bls. 13)

ISBN: 9979-882-75-1

**Gefið út í samstarfi við Íslenska málstöð og landsnefnd um Evrópskt tungumálaár 2001. Utanríkisráðuneytið styrkti útgáfuna.**



Evrópskt tungumálaár 2001



Menntamálaráðuneytið



Íslensk málstöð